

AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Lundur 20-22. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 27. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lund 20-22. Í breytingunni felst: a) breytt fyrirkomulag bílastæða við Lund 20 (Lundur 3 eða Gamli Lundur); b) fyrirhugað fjölbýlishús við Lund 22 færst 3 m til vesturs og gert er ráð fyrir inndreginni þakhæð á húsinu með einni íbúð þannig að heildarfjöldi íbúða í húsinu verður 7 í stað 6; c) fyrirhugað hús hækkar því úr 2 hæðum auk kjallara í 2 hæðir með inndreginni þakhæð auk kjallara; d) lóðarmörk breytast; e) bílastæðum á lóð er fjölgð úr 8 í 12.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lundur 24-26 og 28-30. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 13. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lund 24-26 og 28-30. Í breytingunni felst að vegna landhalla verði byggð pallaskipt hús í stað tveggja hæða húsa með óbreyttri hámarkshæð og byggingarreitur stækkar til suðurs um 8 m² fyrir Lund 24 og 28. Lóðamörk Lundar 24 og 28 stækka um 3 m til suðurs og lóð Lundar 22 minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. ágúst 2018.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. ágúst 2018